

# 6B - Enska - Haust 2020

---

Kennarar: Dóra Matthíasdóttir; Styrmir Stefnisson

6

## Viðfangsefni

### Lota 1. Ágúst til september

Pema Lotunnar er Animals.

Nemendur lesa og læra um dýr og orðaforða tengdum dýrum og dýrahaldi.

### Lota 2 október til desember

Fun and Entertainment í Ready for Action

Nemendur lesa um skemmtanir og afþreyingariðnaðinn

## Námsmat

Hugarkort

Kynningarverkefni

Ritun

Verkefni í slides/keynote

Hlustun

Lesskilningur

## Spjaldtölvur

Popplet

Google classroom

snara.is

Keynote, slides

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Hlustun

- skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega,
- skilið einföld samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og byrjað að nýta sér í ræðu og riti,

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Lesskilningur

- lesið sér til gagns auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum,
- lesið sér til gagns og gamans stuttar auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Ritun

- skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, stafsett nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki,
- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Samskipti

- sýnt fram á að hann er samræðuhæfur um efni sem hann þekkir, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Frásögn

- tjáð sig um það sem við kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á skiljanlegu máli
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum,

### Snæ - Enska - 6. bekkur - Menningarläsi

- sýnt fram á að hann þekkir til ýmissa þátta í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og átta sig á hvað er líkt og ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu,

## Snæ - Enska - 6. bekkur - Náms hæfni

- tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi,
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara,
- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélur